

## Tveir snillingar.

Mér kom í hug er eg hlustaði á skáldkonurnar í Útvarpinu í kvöld, hvort menn hefðu veitt því nægilega eftirtekt, hversu ljómandi skáld barnakennarinn Margrét Jónsdóttir er. Og enn-fremur hvílíkt lán það er fyrir skólabörnin að njóta tilsgagnar hjá slikum snillingi í meðferð móðurmálsins.

Góðir barnakennrarar eru mikils lofs maklegir, og er rétt að eg sæti þessu færi til þess að minnast á annan kennara sem eg hefi lengi dáðst að. En það er Geir Gígja, sem er merkileg-ur náttúrufræðingur, sjálfment-aður, og hefir tekið sér fyrir hendur að rannsaka þátt í dýralífi Íslands sem miðög hefir verið vanræktur áður. Hann er og vel að sér í grasafræði. Það er ástæða til að samgleðjast börnunum yfir kennara, sem vit hefir haft og ástundun til að verða vel að sér í vandasönum fræðum, og framúrskarandi gott lag mun hafa á að glæða athugulsemi þeirra gagnvart náttúrunni.

10. dec.

Helgi Pjeturss.

U. 20.12.39